

um kornrækt.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðila framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

2. gr.

Aðilum, sem mynda með sér félagsleg samtök um að taka kornrækt sem framleiðslugrein, þar sem bygg og hafrar er ræktað til þroskunar, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi, ef þeir uppfylla ákvæði 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn náí fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagsleg samtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til um 10 ára tímabil að framkvæma bygg- og hafrarækt til þroskunar á minnst 10 ha. lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélagum eða einstaklingum. Að frágengnum þessum aðilum er einstaklingi heimil aðild að stuðningi þeim, er lög þessi veita, enda uppfylli hann þá kröfu, sem gerð er til einnar félagsheildar.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur hafi yfirráð yfir landi, er sé minnst tvöföld stærð þess lands, er hann semur um kornræktun á, og að allt landið sé í því þurrkunarástandi, að fullnægjandi geti talizt til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru þess og meðferð alla til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt vara.
5. Að þeir haldi skýrslur þær, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar tilkostnað og tekjur rekstrarins, enn fremur uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um alla framkvæmd ræktunarinnar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið að framleiðslunni.
6. Að sammingsaðilum beri að skila aftur til þess aðila, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem hafa tekið að sér sammingsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af byggi og höfrum af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi ábyrgð seljenda um uppruna sáðkornsins, hreinleika þess og spírunarhæfni.

Ákveða skal í reglugerð, hverjar kröfur séu gerðar í þessu efni. Sammingsbundnir aðilar skulu hafa forgang að taka að sér stofnræktun útsæðis eftir þeim reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Til styrktar kaupum á kornyrkjuvélum allt að 50% af kaupverði þeirra, þar í talinn samsetningarkostnaður vélanna kominna á ákvörðunarstað, enda sam-einist hvert kornræktarfélag um vélarnar. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn, ef um 50 ha. akra eða meira er að ræða.
2. Sammingsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta framlags úr ríkissjóði, kr. 200.00 á ha., við frumvinnslu lands, en síðan árlega kr. 100.00 á ha., hvort tveggja að viðbættu vísitöluframlagi jarðræktar, enda miðist framlagið við flatarmál þess lands, sem korni er sáð í.
3. Til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum henda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 ha. lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Með reglugerð skal ákveða nánari fyrirmæli um framkvæmd kornræktar og um eftirlit með henni. Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 6. gr., má vera allt að kr. 50000.00 til hvers samningsaðila. Almenn framlag samkvæmt jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Til verðlaunaveitinga er heimilt að verja alls árlega allt að kr. 10000.00.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal endurskoða þau innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

### Greinargerð.

Frv. þetta er nálega samhljóða frv., sem flutt var á síðasta þingi og þá hlaut samþykki í Nd. og var afgreitt til Ed.

Um frv. þetta hefur verið fjallað á búnaðarþingi, og fylgdu því frá búnaðarþingi svo hljóðandi athugasemdir:

„Það er álit jarðræktarnefndar, að tilraunir á Sámsstöðum og víðar hafi sannað fyllilega, að unnt sé að rækta fullþroskað korn í flestum árum í öllum verðursælli sveitum landsins og að uppskerumagn og gæði séu það mikil, að kornrækt geti verið vel hagkvæm hér á landi, sé byrjunarörðugleikum rutt úr vegi og ekki búið verr að þessari framleiðslugrein heldur en öðrum.

Sakir þeirra nauðsynja að framleiða hér á landi sem mestan hluta þess fóðurbætis, sem hér er notaður, og að auka afurðagetu búpeningsins með fjölbreyttara fóðri virðist sjálfsagt og skylt, að ríkið hvetji bændur til að hefja kornrækt með því að veita þeim fjárhagslega aðstoð. Jarðræktarnefnd telur, að til þess að fá menn til að hefja kornyrkju megi ekki gera mjög háar kröfur um stærð akurlendisins, og leggur því til, að lágmarksstærð kornakurs sé 10 ha. hjá hverjum aðila, er styrks nýtur.

Fyrir breytingartillögum jarðræktarnefndar skal gerð grein í stuttu máli.

#### Um 3. gr.

2. liður. Rétt þykir að veita ræktunarsamböndum og hreppabúnaðarfélögum rétt til að geta gerzt kornræktaraðilar samkvæmt lögum þessum, einstaklingar fái því aðeins aðild og stuðning ríkisins, að ekki hafi tekizt að hefja kornyrkju á félagslegum grundvelli.

3. liður. Samkvæmt reynslunni frá Sámsstöðum virðist nægjanlegt, að stærð lands þess, sem kornræktaraðili ræður yfir, sé tvöfalt stærri en land það, sem korni er sáð í árlega.

6. liður. Sjálfsagt sýnist að setja ákvæði um það, að kornræktaraðili skuli, ef hann hættir kornrækt á samningstímabilinu, skila aftur vélum og tækjum eða andvirði þeirra, sem svarar til framlags þess, er honum var veitt úr ríkissjóði til vélakaupanna.

#### Um 5. gr.

1. liður. Rétt þykir, að styrkur sé einnig veittur til kaupa á kornmyllum og enn fremur á þurrkunartækjum, ef um stóran akur er að ræða.

2. liður. Frumvinnsla lands er eðlilega erfiðust og kostnaðarsömumust. Fyrir því er mest þörf á ræktunarstyrk á fyrsta ári, og er því lagt til, að hann verði jafnhár styrk, sem veittur er samkvæmt jarðræktarlögum til grasræktar.

#### Um 6. gr.

Til þess að reyna að koma einhverjum skriði á kornrækt mætti fjöldi þeirra aðila, er hana hæfu, ekki vera minni en 5 á ári, ef einhver verulegur árangur samkvæmt tilgangi þessara laga ætti að nást, og fyrir því er miðað við þessa tölu.

Aðrar breytingar ættu naumast að þurfa skýringar við.“